

segir vegna álagningar og ofangreinds vörugjalds og skal endurgreitt með sama hætti og kveðið er á um endurgreiðslu tolls skv. 5. gr. reglna þessara.

Af sérinnfluttu efni til skipaviðgerða skal nefnt vörugjald endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Heildarendurgreiðslu-prósenta af öðru gjaldskyldu innfluttu efni til skipaviðgerða skal vegna álagningar vörugjalds vera 4.5% hærri en kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglna þessara.

Um endurgreiðslur tolla vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði er hafin á og tilkynnt Siglingamálastofnun, sbr. 2. gr., fyrir gildistöku reglna þessara skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 224/1971 að því er varðar þá smíðaáfangu, sbr. 3. gr., sem lokið er við og sótt um endurgreiðslu vegna fyrir gildistöku þessara reglna. Sama skal gilda eftir því sem við getur átt um endurgreiðslur tolla vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum, enda hafi umsókn um endurgreiðslu borist Siglingamálastofnun fyrir gildistöku reglna þessara.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 16 800 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 1 400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502 23. janúar 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Borgarnesi.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Borgarnesi án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar.